

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 11. júlí 2024  
UST202406-254/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 - 2032 - Miðbæjarsvæði Hvolsvallar**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Rangárþing eystra er barst 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 - 2032 sem nær til Miðbæjarsvæði Hvolsvallar.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær til miðsvæða á Hvolsvelli, skilgreind sem M1 og M3 í gildandi aðalskipulagi. Á M1 sunnan Þjóðvegur er fyrirhugað að stækka svæðið um 2 ha þannig að heildarstærð þess verði um 6 ha. Svæðið OP3 minnkar samsvarandi. Innan miðsvæðis M3 er gert ráð fyrir að fjölga íbúðum úr 70 í allt að 120. Gert er ráð fyrir að miðbæjarsvæði M3 verði einkum fyrir minni íbúðir, þ.m.t. „stúdío“ íbúðir. Stærð svæðis helst óbreytt.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
***sérfræðingur***